

KJÖLFESTA

KJÖLUR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU | 2. TÖLUBLAÐ 2026 | 22. ÁRGANGUR

**Þakklæti til félagsfólks
er mér efst í huga**

Arna Jakobína Björnsdóttir lætur af formennsku Kjalar
stéttarfélags á aðalfundi 2026



Hulda Guðmundsdóttir verðandi formaður Kjarar stéttarfélags.

Tilhlökkun að leiða félagið áfram með góðu fólki

„Eftir að hafa setið í stjórn, starfað hér á skrifstofu Kjarar á Akureyri og kynnst féluginu enn betur þá fann ég hversu áhugaverður vettvangur þetta er. Þess vegna ákvað ég að slá til og gefa kost á mér til formennsku Kjarar. Ég geri mér grein fyrir að þetta er erlissamt starf og fjölbreytt en veit líka að ég hef að baki mér mikla þekkingu og reynslu hjá starfsfólki félagsins sem og félagsfólki. Það er bæði heiður og tilhlökkun að fá að leiða félagið áfram með öllu þessu góða fólki. Samskipti við fólk eru snar þáttur í svona starfi og hvað það varðar bý ég að reynslu úr mínum fyrri störfum,“ segir Hulda Guðmundsdóttir verðandi formaður Kjarar stéttarfélags á aðalfundi félagsins þann 26. mars næstkomandi.

Hulda var eini frambjóðandinn til formennsku í féluginu og tekur við af Örne Jakóbínu Björnsdóttur sem verið hefur formaður félagsins í 34 ár.

Lærði táknmáls- og fjölmiðlafræði

Hulda er fædd og uppalin í Reykjavík en hefur búið með hléum á Akureyri í 38 ár. Hún er gift Barða Þór Jónssyni og eiga þau þrjú börn á aldrinum 8 til 19 ára. Hulda er menntuð í táknmálsfræði frá Háskóla Íslands og tók hún fjölmiðlafræði sem aukagrein.

Árið 2022 kláraði Hulda einnig nám í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Áður en hún hóf nám í táknmálsfræði starfaði hún á sambyli fyrir einhverfa þar sem hún segist hafa heillast af táknmáli. Eftir háskólanámið lá leið Huldu til Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem hún starfaði í sex ár en árið 2013 hóf hún störf hjá Norðurorku á Akureyri, fyrst sem innheimtufulltrúi en síðan þjónustustjóri.

Hagsmunagæsla fyrir félagsfólk og kvennabarátta

Frá 2023 hefur Hulda verið varamaður í stjórn Kjarar og setið sem slík alla stjórnarfundir. Hún hóf störf sem verkefnastjóri á skrifstofu Kjarar á Akureyri í október síðastliðnum. Aðspurð hvort hún horfi til einhverra mála öðrum fremur sem hún vilji leggja áherslu á sem formaður Kjarar segir hún að rauði þráðurinn verði alltaf hagsmunabarátta og hagsmunagæsla í þágu félagsfólksins.

„Síðan nefni ég að halda áfram baráttunni um stöðu kvenna í þeim anda sem Arna Jakóbína hefur lagt áherslu á. Þetta er baráttuefni sem stöðugt þarf að halda á lofti og ég mun leggja því lið,“ segir Hulda Guðmundsdóttir.



Útgefandi:
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu
Skipagötu 14, þriðju hæð | 600 Akureyri
Sími 525 8383
kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is
Skrifstofa Kjarar stéttarfélags, Ísafirði
Aðalstræti 24 | Sími 525 8329 | ragnheidurasa@kjolur.is
Skrifstofa Kjarar stéttarfélags, Stykkishólmi
Aðalgötu 10 | Sími 525 8328 | thorasonja@kjolur.is

Forsíðumynd:
Anna Guðný Guðmundsdóttir.
Myndin var tekin á kvennaári
þann 1. maí 2025

Ábyrgðarmaður:
Arna Jakóbína Björnsdóttir
Umsjón, textavinnsla og umbrot:
Ritform ehf., Akureyri

Prentun: Litróf umhverfissvottuð prentsmiðja



	Formaður Hulda Guðmunds- dóttir Utan deilda		Meðstjórn- andi Anna Karítas Ingvarsdóttir Sighvats Skagafjarðar- deild		Meðstjórn- andi Baldur Magnússon FOSHún deild		Meðstjórn- andi Gunnbjörn Rúnar Ketilsson STAK deild
	Meðstjórn- andi Gunnfríður Magnúsdóttir FOSVest deild		Meðstjórn- andi Halldóra Harðardóttir Borgar- fjarðardeild		Meðstjórn- andi Hólmfríður Guðlaug Jónsdóttir Dalvíkur- byggðardeild		Meðstjórn- andi Hólmfríður Ósk Norðfjörð Fjallabyggð- ardeild
	Meðstjórn- andi Jófríður Magnúsdóttir SDS deild		Meðstjórn- andi Sigurjón Egilsson STAF deild	VARASTJÓRN			Varamaður Lísa Björk Gunnars- dóttir STAK deild
							Varamaður Ómar Örn Jónsson STAK deild

Ný stjórn Kjalar stéttarfélags

Samkvæmt lögum Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu skal í ár kjósa tólf manna stjórn til næstu þriggja ára. Auglýst var eftir framboðum til stjórnarsetu í febrúar og bárust tilnefningar um 10 aðalmenn og tvo varamenn. Í samræmi við lög félagsins var listinn auglýstur á heimasíðu félagsins og bárust ekki aðrar tilnefningar. Þessi listi er því sjálfkjörinn til stjórnarsetu tímabilið 2026-2029.

Á aðalfundi 26. mars mun Hulda Guðmundsdóttir taka við formennsku af Örne Jakobínu Björnsdóttur en Hulda hefur verið varamaður í stjórn Kjalar síðustu þrjú ár.

Auk Huldu gáfu 7 aðal- og varamenn fráfarandi stjórnar kost á sér til áframhaldandi setu en þau eru Hólmfríður Jónsdóttir, Hólmfríður Ósk Norðfjörð, Sigurjón Egilsson, Gunnfríður Magnúsdóttir, Jófríður Magnúsdóttir, Baldur Magnússon og Ómar Örn Jónsson.

Ný í stjórn og varastjórn eru, Halldóra Harðardóttir, Lísa Björk Gunnarsdóttir, Anna Karítas Ingvarsdóttir og Gunnbjörn Rúnar Ketilsson.



Orlofsblaðið er komið út

dreift bæði í prentuðu formi og á kjolur.is

Félagsfólk – bókanir á orlofsvefnum fyrir júlí, ágúst og september. Einnig fyrir umsóknir um „Orlof að eigin vali“

Vinnuviku- styttingin var risastór áfangi

Arna Jakobína Björnsdóttir lætur af formennsku Kjalar stéttarfélags eftir 34 ár

„Það er margt eftirminnilegt frá þessum langa tíma í formennsku félagsins en þegar upp er staðið er þakklæti fyrir samskipti og samvinnu við félagsfólk mér efst í huga. Ég tel það líka hafa verið mikilvægt fyrir félagið að starfa þétt innan raða BSRB og fylgja sífellt því leiðarljósi að okkar starf þjónar almannahagsmunum. Stefið um almannahagsmuni umfram sérhagsmuni er það sem við þurfum að minna okkur á daglega,“ segir Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags sem lætur af formennsku í félaginu á aðalfundi nú í lok marsmánaðar. Hún hefur staðið í stafni félagsins í 34 ár og stýrt því í gegnum mikla umbreytingatíma en í dag er Kjölur þriðja stærsta aðildarfélag BSRB og eitt stærsta stéttarfélagið á landsbyggðinni.

Sjúkraliði í formannsstól

„Ég starfaði á sínum tíma sem sjúkraliði á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og var kosin formaður Starfsmannafélags Akureyrarbæjar árið 1992. Fyrstu árin var ég áfram í hálfu starfi á sjúkrahúsinu á móti starfinu hjá STAK en árið 1998 fór ég alfarið í vinnu hjá félaginu. Og hér hef ég verið síðan,“ segir Arna Jakobína þegar sest er niður með henni á skrifstofu Kjalar stéttarfélags við Skipagötu á Akureyri í tilefni af þessum tímamótum.

„Reyndar var ég kosin formaður STAK án þess að hafa setið í stjórn félagsins. Ég þekkti samt talsvert til félagsins því ég var fyrst kjörin trúnaðarmaður árið 1978. Seinna kom ég svo inn í samninganefnd félagsins í tengslum við breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. En ég var svo heppin að koma inn í stóran hóp fólks sem hafði unnið mikið fyrir félagið í samningum við Akureyrarbæ. Þessu fólki ber að þakka fyrir þann grunn sem þau lögðu að félaginu,“ segir Arna Jakobína. Þess ber að geta að þann 2. mars síðastliðin voru 85 ár liðin frá stofnun STAK og er því stórt afmælisár Kjalar stéttarfélags í ár.

Tíu félög undir merki Kjalar í sterku landsbyggðarfélagi

Í tíð Örne Jakóbínu sem formanns Kjalar hafa verið tvær stórar sameiningar. Sú fyrri var þegar STAK breytti nafni sínu árið 2004 og fjögur önnur bæjarstarfsmannafélög sameinuðust í Kjöl stéttarfélag, þ.e. Starfsmannafélög Borgarbyggðar, Siglufjarðarkaupstaðar, Dalvíkurbyggðar og Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum.

Árið 2014 sameinaðist Starfsmannafélag Skagafjarðar einnig inn í Kjöl. Síðari stóra sameiningin var svo árið 2022 þegar fjögur bæjarstarfsmannafélög til viðbótar sameinuðust inn í Kjöl; Starfsmannafélög Fjallabyggðar, Fjarðabyggðar, Dala- og Snæfellsnessýslu og Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum.

Sameiningin gerði alla sterkari

Í dag eru virkir félagar Kjalar um 2000 talsins og eru þeir í störfum hjá 38 sveitarfélögum auk þeirra hópa Kjalarfélaga sem eru í störfum hjá ríkinu og sjálfseignarstofnunum.

„Ég segi oft á vettvangi BSRB að ég sé með 10 hatta formanna innan bandalagsins en með uppbyggingu Kjalar höfum við náð að sameina þorra bæjarstarfsmannafélaga á landsbyggðinni í eitt félag, á Vesturlandi og Vestfjörðum, Norðurlandi og allt austur á Austfirði. Þetta tel ég hafa verið mjög mikilvægan áfanga fyrir okkur landsbyggðarfólk. Lítil félög hafa ekki burði til að vera með skrifstofuhald og fasta starfsmenn. Þess vegna er enginn vafi að fyrir fólkíð í þessum félögum var mikil breyting að verða hluti af stærri heild, fá meiri þjónustu, aðgang að fleiri orlofshúsum, skilvirkari og hraðari afgreiðslu styrkja og þannig mætti áfram telja. Ég veit líka að það var mikið álag fyrir formenn og stjórnarfólk í þessum litlu félögum að sinna félagsstarfinu í sín-



Arna Jakóbína Björnsdóttir, fráfarandi formaður Kjalar stéttarfélags.



Á þingi BSRB í október 2024. Arna Jakóbína er hér með frænkum sínum tveimur, þeim Kristínu Guðjónsdóttir og Selmu Sigurðardóttur sem báðar voru fulltrúar Sameykis á þinginu.

um frítíma. Við getum því verið stolt af því að hafa stigið það heillaskref að sameinast undir einu merki Kjalar stéttarfélags og fylkja liði sem ein öflug heild opinberra starfsmanna á landsbyggðinni. Sameiningin tel ég að hafi gert alla sterkari, öflugir trúnaðarmenn félagsins standa þétt saman, upplýsingaflæði til

félagsfólks hefur aukist, afgreiðsla mála sem félagsfólk leitar með til félagsins er hraðari, styrkir eru afgreiddir vikulega hjá okkur og þannig gæti ég talið áfram. Þetta gerist allt vegna þess að hægt er að ráða gott starfsfólk sem heldur félaginu gangandi. Lengst af vorum við Margrét Árnadóttir tvær hér á skrifstofunni en nú erum við sex," segir Arna Jakóbína.

Eftirminnilegir þjóðarsáttarsamningar

Arna Jakóbína hefur verið varaformaður BSRB frá árinu 2009 og rennur hennar kjörtímabil út á þingi bandalagsins árið 2027. Því má segja að hún stigi í áföngum af sviði stéttabaráttunnar eftir þennan langa starfsferil. En hvaða hápunktar koma upp í hennar huga, litið til baka yfir þann tíma sem hún hefur verið í stéttabaráttunni.

„Án nokkurs vafa eru það þjóðarsáttarsamningarnir árið 1990. Það var nokkurs konar eldraun fyrir mig, mín fyrsta reynsla af kjarasamningagerð. Þarna unnum við líka varnarsigur með fyrsta kjarasamningnum við ríkið í kjölfar verkaskiptalaganna. Ég nefni líka breytinguna á lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna árið 1997 og breytinguna á kjarasamningsumhverfinu það ár. Svo vorum við í fimm vikna verkfalli sem er líka er eftirminnilegt.“

Vinnuvikustytting lokst í höfn

„Síðast en ekki síst nefni ég svo styttingu vinnuvikunnar árið 2020. Það er mál sem við BSRB félagar höfum barist fyrir í mjög langan tíma og ég fagnaði þessum áfanga ekki síst sem fyrrum



Fyrsti stjórnarfundur Kjalar stéttarfélags í almannabjónustu árið 2004. Frá vinstri: Arna Jakobína, formaður, Bára Garðarsdóttir (FOSHún deild) meðstjórnandi, Hörður Þór Hjálmarsson (Siglufirði) gjaldkeri, Anna Ólafsdóttir (Borgarfjarðardeild) varaformaður, Guðbjörg Antonsdóttir (Dalvíkurbyggðardeild) ritari og Jón S. Hansen (STAK deild) varamaður.

vaktavinnustarfsmaður. Ég man vel að það var keppikefli árið 1975 þegar ég byrjaði í vaktavinnunni að ná vinnuvikunni niður í 32 tíma. Við getum sagt að stytting vinnuvikunnar sé skólabókardæmi um að í stéttabaráttu á aldrei að gefast upp og hætta að berjast fyrir málunum. Við megum aldrei missa sjónar á kröfum okkar og hætta að berjast fyrir þeim," segir Arna Jakobína en minnir einnig á að enn sé nokkuð í land að allir taki þessa kerfisbreytingu í sátt.

„Því miður eru ýmsir stjórnendur á vinnustöðum sem stöðugt spyrna við fótum og reyna að komast fram hjá því að útfæra vinnuvikustyttinguna eins og samið var um. En á þeim vinnustöðum þar sem breytingunni var tekið af jákvæðni eru allir sáttir og glaðir.“

Átök við stjórnendur á vinnustöðum að aukast

Á löngum tíma í formennsku stéttarfélags hefur Arna Jakobína þurft að hafa samskipti við mjög stóran hóp vinnuveitenda og stjórnenda. Tímarnir eru gjörbreyttir, aðgengi að upplýsingum sömuleiðis. Þrátt fyrir það segir hún að ef eitthvað er þá þurfi að takast meira á við yfirmenn vinnustaða um réttindamál á síðari árum en áður fyrr.

„Því miður finnst mér vanþekking og hreinlega vanvirðing fyrir umsömdum réttindum launafólks vera að aukast. Ég rek mig oft á að stjórnendur kynna sér ekki samninga og réttindi launafólks og túlka hlutina eftir eigin höfði. Þetta er mikil breyting frá því ég kynntist kjarasamningum fyrst. Þá upplifði starfsfólk sig sem hluta af heild, byggði sína vinnu á kjarasamningum og að rétt skuli vera rétt. Núna vantar upp á þessa hugsun hjá yfirstjórn á mörgum vinnustöðum og ég skynja líka að ef eitthvað er flókið þá er reynt að komast fram hjá hlutunum frekar en að kynna sér þá í þaula og reyna að skilja. Hvað þetta varðar finnst mér hafa orðið afturför með árunum," segir Arna Jakobína. Hún nefnir

sem dæmi þessu tengt að samskiptum við starfsmenn og upplýsingamiðlun frá vinnuveitanda sé ábótavant og dæmi um uppsagnir starfsfólks með tölvupósti án þess að vinnuveitandi eða fulltrúi vinnuveitenda ræði við viðkomandi starfsmann.

„Þetta er vanvirðing sem enginn lét sér í hug koma áður fyrr, jafnvel þó tölvupóstur væri kominn til skjalanna. Það er dapurlegt ef þetta er það sem við sjáum fara að gerast í auknum mæli eftir því sem mannauðsstjórum í stofnunum fjölga. Mér finnst líka oft gleymast þegar fólk kemur inn í stjórnunarstöður á opinbera markaðnum úr störfum á almenna markaðnum að þá þarf að hafa í heiðri talsvert önnur vinnubrögð. Við erum almannabjónusta og því má aldrei gleyma. En að þessu sögðu þá ber einnig að nefna að margir stjórnendur gera vel við sitt fólk, styðja það og hvetja, m.a. til símenntunar. Á þeim vinnustöðum mælist líka mikil ánægja.“

Hvergi má slaka á í jafnréttisbaráttunni

Í beinu framhaldi af umræðu um virðingu og baráttumál vikur Arna Jakobína orðum að kvennabaráttunni sem hún hefur allan sinn formannsferil lagt ríka áherslu á. Auk þess að kvennabaráttan er hennar hjartans mál þá eru konur í meirihluta félagsfólks Kjalar sem og innan BSRB í heild.

„Líkt og með styttingu vinnuvikunnar sem ég nefndi áðan þá má ekki láta deigan síga í réttindabaráttu kvenna á komandi árum. Enn berjumst við fyrir jafnrétti með 50 ára afmæli kvennaverkfalls nýafstaðið. Þetta er barátta hér á Íslandi sem fólk verður að fara að átta sig á út á hvað gengur. Hún gengur ekki út á jafnt uppvasi í heimahúsum! Hún gengur út á að virðing fyrir kvenna-störfum verði jöfn á við karlastörf og að kvennastörf og konur séu ekki talaðar niður í íslensku samfélagi. Menning og hugsun ræður því hvernig viðhorfin speglast og þar sem tekist hefur að taka í burtu þessar karllægu ímyndir sem vega meira en kven-



Arna Jakóbína í ræðustól á landsfundi bæjarstarfsmannafélaga í Hofi á Akureyri árið 2025.

lægar þá miðar okkur fram á veg en þar sem sú hugsun og skilningur eru ekki til staðar næst ekki árangur. Þessu erum við að berjast fyrir og í mínum huga er ekki nóg að það séu konur í öllum stöðum heldur verða þær líka að vera kvenfrelsiskonur. Ef kona sem fer í stjórnunarstöðu hefur ekki þá hugsun þá mun hún engu breyta um stöðu kvenna á sínum vinnustað. Þá er hún einfaldlega að láta stjórnast af ákveðnu kynjakerfi sem fyrir er," segir Arna Jakóbína ákveðin.

Arna Jakóbína vísar til þess að dæmi séu um að konur í stjórnunarstöðum á sumum vinnustöðum hafi smættað kvennaverkfallið og jafnvel látið frá sér fara að þessar baráttuaðferðir séu úreltar.

„Getur baráttan verið úrelt þegar ekki hefur náðst meiri árangur en tölfraedin ber með sér? Mér er spurn. Öll tölfraedi sýnir að konur eru láttnar gjalda þess að vera konur varðandi ofbeldi, fjármál og fleira. Þessi barátta þarf því að halda áfram á okkar vettvangi af fullum þunga. Við eigum að hafa fulla trú á mætti okkar til að gera gott samfélag enn betra því sagan sýnir að saman höfum við náð árangri," segir Arna Jakóbína.

Mikill heiður að starfa fyrir félagsfólkið

Sem fyrr segir starfar Arna Jakóbína í stjórn BSRB fram á næsta ár og sinnir ýmsum verkefnum tengdum verkalýðshreyfingunni út þetta ár.

„Það hefur verið mér mikill heiður og ánægja að starfa fyrir félagsfólk Kjarar og vinna með öflugum og metnaðarfullu fólki að sameiginlegum hagsmunum. Ég get ekki annað en verið afar þakklát fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt og fyrir þá ómetanlegu samstöðu sem hefur einkennt starf félagsins í gegnum tíðina. Stjórnir hafa verið samstíga og stjórnarfolk átt farsælt samstarf.

Ég treysti því að Kjölur muni áfram vaxa og eflast með nýju fólki, nýjum hugmyndum og sterkri samstöðu. Þegar ég horfi yfir þann öflugum hóp sem nú stígur fram og gefur kost á sér til forystustarfa fyrir félagið fyllist ég bjartsýni."

Tæpur þriðjungur í styrki vegna háskólanáms

Kjölur stéttarfélag greiðir styrki vegna fræðslu úr þremur sjóðum auk styrkja úr tveimur vísindasjóðum. Fræðslusjóður Kjalar er stærsti sjóður félagsins þegar kemur að einstaklingsstyrkjum fyrir félagsmenn. Markmið sjóðsins er að auka hæfni sjóðsfélaga og möguleika þeirra til starfsþróunar eða eftir atvikum að styrkja þá til sí- og endurmenntunar. Sjóðurinn leggur áherslu á að aðstoða félagsfólk við að bæta við og/eða endurnýja menntun sína og viðhalda virði sínu á vinnumarkaði.

Á árinu 2025 voru afgreiddir 323 styrkir úr fræðslusjóði félagsins en þeir voru 415 árið 2024. Líkt og undanfarin ár er stærstur hluti styrkja vegna háskólanáms eða tæp 31% af heildarupphæðinni, starfstengd námskeið eru tæp 25%, framhaldsskólanám rúm 12% og námskeið sem tengjast sjálfsstyrkingu og lífsleikni félagsmanna eru tæp 8%. Styrkir vegna náms- og kynnisferða voru nær eingöngu greiddir út sem einstaklingsstyrkir á árinu 2025 og var hlutdeild þeirra tæp 23% af heildarstyrkjum sjóðsins. Heildarútgjöld fræðslusjóðs vegna einstaklingsstyrkja árið 2025 voru 22.349.304 krónur.

Auk þess að greiða einstaklingsstyrki styður sjóðurinn við fræðslu félagsmanna með því að bjóða frí námskeið í gegnum samstarfsamninga við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á fé-

lagssvæðinu. Alls nutu 94 félagsmenn góðs af þessum námskeiðum og var kostnaður sjóðsins vegna þeirra 2.382.945 krónur árið 2025.


Vísindasjóður

Vísindasjóður Kjalar vegna háskólamanna hefur það markmið að auka tækifæri sjóðfélaga til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Styrkir úr sjóðunum voru 26 árinu 2025 að heildarupphæð 2.261.000 krónur.


Þróunar- og starfsmenntunarsjóður

Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu hefur það að markmiði að auka möguleika ríkisstofnana, sem eiga félagsmenn hjá Kili (auk annarra bæjarstarfsmannafélaga), til að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma og efla símenntun félagsmanna með það fyrir augum að þeir séu færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni. 188 félagsmenn nutu góðs af þeim styrkjum sem veittir voru til ríkisstofnana á félagssvæði Kjalar og voru þeir styrkir að upphæð 6.225.665 krónur á árinu 2025. Auk þessara námskeiða eiga ríkisstarfsmenn sem eru félagsmenn hjá Kili óskertan aðgang að fríum námskeiðum hjá Starfsmennt.

Hlutfall einstaklingsstyrkja 2025



Fræðslusjóður Kjalar



Viltu fara á námskeið?

Kynntu þér veglega fræðslustyrki og úthlutunarreglur á kjolur.is.

Tekið er við rafrænum umsóknum.



BÆTUM ÞEKKINGU, FÆRNI OG LEIKNI

STARFSÞRÓUN

Í gegnum Mannauðssjóðinn Heklu geta sveitarfélög, vinnustaðir og stofnanir sótt um styrki fyrir námskeiðum og starfsþróun þeirra starfsmanna sem eru sjóðsfélagar.

HAFÐU SAMBAND

525 8319 www.mannaudssjodur.is

Skrifstofur á faraldsfæti!

Á liðnu hausti var sú nýjung reynd í starfi Kjarar að bjóða upp á skrifstofuþjónustu á völdum stöðum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Sem kunnugt er rekur Kjölur stéttarfélag skrifstofur í Stykkishólmi og á Ísafirði sem eru opnar árið um kring en þessi nýbreytni er liður í að færa þjónustu félagsins nær félagsfólki og auka sýnileika félagsins.

Fjórir staðir á Vesturlandi

Félagið hefur í gegnum árin verið með vinnustaðaaheimsóknir á félagssvæði sínu sem bæði formaður og starfsmenn hafa tekið þátt í. Sú hugmynd sem hrint var í framkvæmd síðasliðið haust var svolítið öðruvísi, þ.e. að færa í raun skrifstofustarfsemi félagsins út í byggðarlögin og bjóða félagsfólki að koma og hitta starfsmann frá félaginu. „Við sendum tölvupóst á félagsfólk okkar á þeim stöðum sem farið var á og buðum því að annað hvort bóka tíma hjá okkur eða koma við á auglýstum opnunartíma og hitta okkur með sín erindi,“ segir Þóra Sonja Helgadóttir, verkefnastjóri á skrifstofu Kjarar í Stykkishólmi. Hún færði skrifstofu sína á fjóra staði á Vesturlandi einn dag eða hluta úr degi á hvern stað, þ.e. á Grundarfjörð, Snæfellsbæ, Búðardal og Borgarnes. Í flestum tilfellum segir Þóra að Kjölur hafi notið góðs samstarf við sveitarfélögin um aðstöðu fyrir þessa þjónustu.

„Þetta er skemmtileg nýjung sem félagið mun endurtaka aftur á þessu ári, með það að markmiði að þetta verði fastur liður í framtíðinni. Þetta er liður í því að færa starfseminna nær okkar félagsfólki enda erum við hér til að vinna fyrir þau,“ segir Þóra Sonja.

Skrifstofur á Patreksfirði og Hólmavík

Með sama hætti brá skrifstofa Kjarar á Ísafirði sér bæjarleið í haust, ef svo má segja. Sú skrifstofa þjónustar félagsfólk á Vestfjörðum og var opnuð skrifstofa hluta úr degi á Hólmavík og Patreksfirði.

„Félagsfólk hér í Ísafjarðarbæ og næstu byggðarlögum kemur hingað á skrifstofuna til okkar en hins vegar er nokkuð langt fyrir okkar fólk að keyra frá sunnanverðum Vestfjörðum og Hólmavík. Það er því mikilvægt að geta boðið félagsfólki á þessum stöðum upp á þessa þjónustu í þeirra heimabyggð. Þetta er skemmtileg nýbreytni sem við höfum fullan hug á að endurtaka í ár,“ segir Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir, verkefnastjóri Kjarar stéttarfélags á Ísafirði.





Könnun sýnir ójafna skiptingu heimilisstarfa milli kynjanna

Mynd: Shutterstock

Ný könnun Vörðu, rannsóknaseturs vinnumarkaðarins, sýnir verulega ójafna skiptingu karla og kvenna þegar kemur að heimilisstörfum sambúðarfólks. Könnunin, sem gerð var í fyrra, náði til félagsfólks ASÍ og BRSR og voru spurningar um aðra og þriðju vaktina inni á heimilum hluti af rannsókn Vörðu á lífsskilyrðum launafólks á Íslandi.

Könnunin náði til rúmlega 140 þúsund félaga í 43 aðildarfélögum ASÍ og BRSR. Af þeim svöruðu rúmlega 17%.

Spurningar um aðra og þriðju vakt heimilisins

Sjö spurningar sem fjölluðu um ábyrgð sambúðarfólks á daglegum heimilsvörkum voru nýttar til að mæla heimilisstörf sem falla undir aðra vaktina. Hér er um að ræða verkefni innan heimilisins sem þarf að inna af hendi svo sem þvottur, matseld, þrif, viðgerðir, umsjón með heimilisbílnum og fjármál heimilisins. Átta spurningar beindust hins vegar að svokallaðri þriðju vakt en það hugtak er notað til að lýsa hugrænum verkefnum sem fela í sér skipulag, tilfinningalega vinnu og hina ósýnilegu samhæfingu sem felst í að halda utan um alla þætti heimilisins. Spurt var um skipulag í kringum þvott (t.d. að tryggja að ákveðin föt væru hrein á réttum tíma), matseld, þrif (bæði regluleg og óregluleg), viðgerðir, umönnun bifreiðar, skipulag fjölskyldunnar í daglegu

lífi og tilfinningavinnu, þ.e. að sinna tilfinningalegum þörfum þeirra sem búa á heimilinu.

Heimilisstörfin á herðum kvenna

Í stuttu máli leiða svör við spurningunum í ljós afar ójafna skiptingu milli kynjanna þegar kemur að heimilisverkefnum. Meira en helmingur kvenna sér alltaf eða yfirleitt um regluleg þrif á heimilunum á meðan karlarnir sinna viðhaldi, bílum og reiðhjólum heimilisins í meira mæli. Ábyrgðin á fjármálum og matseld mælist mun jafnari, þ.e. konur í 50% tilvika en karlar í 44%.

Þegar spurt var um mat kynjanna á verkefnum heimilisins sást að helmingur karla telur þvotti og heimilisþrifum jafnt skipt á milli kynjanna. Matíð er því nokkuð annað en hjá konunum. Mun lægra hlutfall kvenna telur þeim verkefnum jafnt skipt sem karlar sinna í meira mæli.

Þegar litið er til fjölda verkefna sem konur og karlar sinna á heimilinu, hvort sem þau heyra til annarrar eða þriðju vaktarinnar, sést mikill munur. Þannig sinnir tæplega helmingur kvenna átta eða fleiri atriðum alltaf eða yfirleitt, sem er meira en helmingur þeirra verkefna sem spurt var um. Það á hins vegar eingöngu við um 13% karlanna.



Auk þess að hlýða á erindi Soffíu Ámundadóttur og Önnu Steinsen unnu þátttakendur í hópum þar sem skipt var upp eftir starfsgreinum.

Vel heppnaður fræðsludagur grunnskólastarfsfólks

Þann 19. ágúst síðastliðinn stóð fræðslusjóður Kjalar fyrir sérstökum fræðsludegi fyrir félagsfólk hjá grunnskólum og var dagskráin á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Alls tóku um 40 manns þátt í dagskrá fræðsludagsins sem var unnin í góðri samvinnu við trúnaðarmenn Kjalar í grunnskólum. Í þeirri vinnu lögðu þeir áherslu á að fræðsludagurinn yrði vettvangur til lærdóms, umræðna og tengslamyndunar.

Fræðsla dagsins var fjölbreytt og snerti hún bæði faglegt starf og persónulega færni. Gestir fræðsludagsins voru Soffía Ámundadóttir, verkefnisstjóri hjá Háskóla Íslands, sem miðlaði af sinni viðtæku reynslu á sviði ofbeldismála og Anna Steinsen, þjálfari og einn eigenda KVAN, sem stýrði námskeiði í samskiptum og sjálfsstyrkingu.

Auk þess að hlýða á erindi þeirra tveggja var þátttakendum skipt niður í hópavinnu eftir starfsgreinum.

Fræðsludagurinn fékk mikið lof hjá félagsfólki Kjalar sem tók þátt í dagskránni en gerð var könnun á viðhorfum þeirra til fræðsludagsins og hvaða ávinning það telji sig hafa haft af þátttökunni. Sem dæmi um svör sagðist einn þátttakandi ætla að leggja sig fram um að vera jákvæður í samskiptum, annar talaði um reynsluna í að tala fyrir framan fólk án undirbúnings, sá þriðji taldi að svona dagskrá hristi upp í fólki. Og loks svaraði einn þátttakandi einfaldlega: „Öruggari í starfi.“



Þátttakendur í fræðsludeginum á Laugarbakka.



Starfið mitt

Starfið er mjög fjölbætt

segir Matthildur Ásta Hauksdóttir,
kirkjuvörður á Ísafirði

„Það er alveg óhætt að segja að starfið mitt sé mjög fjölbætt. Ég er að minnsta kosti aldrei verkefnalaus í þessu starfi,“ segir Matthildur Ásta Hauksdóttir, kirkjuvörður við Ísafjarðarkirkju. Auk þess að vera kirkjuvörður er Matthildur meðhjálpari og umsjónarmaður þriggja kirkjugarða Ísafjarðar.

Nýtt starf árið 2021

„Ég var ráðin í þetta starf í nóvember 2021 þegar var búið til nýtt sameinað starf meðhjálpara og kirkjubjóns við Ísafjarðarkirkju. Mitt starfssvið snýr því bæði að athöfnum í kirkjunni sem og umsjón með kirkjugörðunum árið um kring,“ segir Matthildur en hún er garðyrkjufræðingur að mennt og starfaði áður um sex ára skeið sem garðyrkjufulltrúi hjá Ísafjarðarbæ. Áður bjó hún norður í Eyjafirði og var um tíma forstöðumaður Lystigarðsins á Akureyri.

Mikil verkefni í kirkjugörðunum á sumrin

Kirkjugarðarnir sem tilheyra Ísafjarðarkirkju og starfssviði Matthildar eru Eyrarkirkjugarður sem er við hlið kirkjunnar, Hnífsdalskirkjugarður og Réttarholtskirkjugarður. Í dag eru greftranir fyrst og fremst í síðarnefndu gördunum tveimur.

Matthildur segir stöðug verkefni í kirkjugörðunum en vitanlega eru þau mun umfangsmeiri yfir sumartímann. Í kirkjugarðavinnunni nýtur Matthildur aðstoðar samstarfsskonu sinnar hjá kirkjunni, Angelu Schamberger.

„Við höfum reynt að gera okkar besta í því að halda gördunum vel slegnum og hirtum auk þess að laga legsteina þegar leiði síga, laga leiði, huga að blómaskreytingum og sinna almennum viðhaldsverkefnum. Svo felst einnig í mínu starfi að vera í samskiptum við aðstandendur þegar eru útfarir, einnig samskipti við verktaka þegar þarf að taka grafir og ganga frá þeim. Akstur á líkblínum er líka á minni könnu og umsjón með honum þannig að þetta starf snertir á mörgu,“ segir Matthildur. Hún nefnir að auki vinnu í aðdraganda jóla við að leggja út rafmagn í kirkjugörðunum sem aðstandendur geta svo nýtt sér til að tengja ljósaskreytingar á leiðum ástvina sinna.

Útfarir á laugardögum

Sem meðhjálpari í kirkjunni fylgir Matthildur eftir messum og athöfnum, undirbýr kirkjuna fyrir athafnir og aðstoðar sóknarprestinn.

„Hér er sú hefð að jarðarfarir eru alla jafna á laugardögum og þeir vinnudagar geta verið langir. Sömuleiðis er ég alltaf að vinna á jólum, páskum og hvítasunnu. Vissulega hljómar þetta mjög viðamikil starf en þetta er fyrst og fremst fjölbreytt og þarf að halda mörgum boltum á lofti í einu,“ segir Matthildur Ásta Hauksdóttir.



Mikill fjöldi kvenna mætti á Ráðhústorg á Akureyri.

Kvennaverkfall á félagssvæði Kjalar stéttarfélags – samstaða um allt land

Við mætum þar til við þurfum ekki að mæta lengur

Þann 24. október 2025, þegar 50 ár voru liðin frá fyrsta Kvennaverkfallinu, komu konur og kvár saman víða á félagssvæði Kjalar sem og á landinu öllu. Viðburðir dagsins á hverjum stað endurspegluðu anda jafnréttisbaráttunnar – samstöðu, sköpun og þrautseigju í baráttunni fyrir jöfnum tækifærum og virðingu.

Akureyri – raddir, tónlist og samhljómur

Dagskrá samkomunnar á Ráðhústorg á Akureyri hófst klukkan 11:15 með dansatriði fluttu af Neó Tý Hauks. Hafdís Hafliðadóttir, fundarstjóri, leiddi dagskrána.

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, flutti áhrifamikla ræðu um jafnrétti og stöðu kvenna á vinnumarkaði og undirstrikaði framtíðarsýn baráttunnar með orðunum: „Við eigum framtíðina – og hún á að vera jöfn.“ Í kjölfarið flutti Þórgunnur Oddsdóttir hugleiðingu og Erla Hrönn Unnsteinsdóttir ræðu sem dýpkaði umræðuna.

Tónlistaratriði Tinnu Hjaltadóttur og Sigrúnar Þórsteinsdóttur skapaði hlýja stemningu áður en Urður Bergsdóttir flutti ræðu þar sem áhersla var lögð á áframhaldandi aðgerðir og samstöðu.

Dagskránni lauk með tónlist og samsöng undir stjórn Hrundar Hlökkversdóttur og lokorðum fundarstjóra. Samkoman endaði



Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags, flutti ávarp um jafnrétti og stöðu kvenna á vinnumarkaði.



Áfram stelpur! Samstaða kvenna á Stykkishólmi.

klukkan 12:00 með skýrum skilaboðum um sameiginlega ábyrgð og áframhaldandi skuldbindingu í jafnréttismálum.

Ísafjörður – „Sko mömmu, hún hreinsaði til“

Á Ísafirði var efnt til kröfugöngu undir yfirskriftinni „Sko mömmu, hún hreinsaði til“, sem minnir á að jafnréttisbaráttan þarf sífelld átök. Gangan hófst á Silfurtorgi og endaði í Edinborgarhúsinu þar sem var fjölbreytt dagskrá til heiðurs kvennaverkfallinu. Þar var tekist á við sögu, samtíð og framtíð jafnréttismála með hvatningu til áframhaldandi aðgerða.

Stykkishólmur – saga, söngur og samkennd

Viðburður Kvennaverkfallsins 2025 í Stykkishólmi var á Amtsbókasafninu klukkan 14:00 undir stjórn Þóru Sonju Helgadóttur, fundarstjóra.

Ragnheiður Valdimarsdóttir las upp bréf sem Dagbjört Höskuldadóttir flutti á Kvennafrídaginn 2005 og Unnur Breiðfjörð rifjaði upp baráttudaginn fyrir 50 árum. Þá fluttu Unnur Valdimarsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Lucia de Korte erindi.

Sérstakur dagskrárliður var samsöngur á laginu „Áfram stelpur“. Nemendur í 10. bekk Grunnskóla Stykkishólms sýndu myndband um þriðju vaktina og kvennastörf. Að loknu kaffi og kökum var opið spjall um mikilvægi kvennadagsins.

Deginum lauk með beinu streymi frá baráttufundi á Arnarhóli.

Patreksfjörður – beint frá Arnarhóli

Á Patreksfirði bauð Kvenfélagið Sif til samkomu í Skjaldborgar-

bíó klukkan 14:45. Þar kom fólk saman til að fylgjast með beinni útsendingu frá útifundi á Arnarhóli, sem hófst kl. 15:00. Fjölmenni mætti og ríkti samkennd og baráttuandi í salnum.

Grundarfjörður – göngur og samvera

Í Grundarfirði var dagskráin tvíþætt. Klukkan 10:00 hófst gangan við Sögumiðstöðina og síðan bauðst gestum að mæta á fund á Kaffi 59 kl.13:30, þar sem boðið var upp á hressingu og fylgst með útifundinum á Arnarhóli í beinu streymi. Samveran var bæði notaleg og uppbyggjandi.

Borgarnes – í sameiningu til Reykjavíkur

Frá Borgarnesi fóru konur og kvár saman í rútu til Reykjavíkur til að taka þátt í sögugöngu frá Hljómskólagarðinum og útifundinum á Arnarhóli. Stemningin var kraftmikil, þar sem sameiginleg von og barátta sameinaði fólk.

Egilsstaðir – styrkur austanlands

Á Egilsstöðum fléttuðust saman samtal, sögusýn og samvera. Þar komu konur saman til að ræða jafnréttismál, rifja upp söguna og fylgjast með beinu streymi frá Reykjavík. Í loftinu var eldmóður og trú á betri framtíð.

Eining og eldmóður

Þótt dagskráin væri fjölbreytt um allt land, ríkti sami andi – samstaða, hlýja og óbilandi eldmóður. Kvennaverkfallið á félagssvæði Kjalar var skýr áminning um að jafnrétti byggist á samvinnu og að framtíðin er í höndum þeirra sem þora að breyta.

Orlofshús

Sjálfsafgreiðsla orlofshúsa er út september 2026.
Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Kynntu þér málið á kjolur.is



Ánægja með starfskjör og styttingu vinnuvikunnar

Könnunin Sveitarfélag ársins, sem gerð er árlega og er í umsjón Mannauðssjóðsins Heklu, mælir viðhorf starfsfólks sveitarfélaga til margra þátta í starfsumhverfinu og þróun yfir lengra tímabil. Kjölur stéttarfélag er meðal ellefu bæjarstarfsmannafélaga sem standa að könnuninni en auk þess geta sveitarfélög tekið þátt fyrir allt sitt starfsfólk. Niðurstöður könnunarinnar eru birtar á heimasíðu Mannauðssjóðsins Heklu.

Meðal þess sem lesa má úr könnuninni síðustu ár er aukin ánægja með launakjör allt frá árinu 2022 þegar könnunin var gerð í fyrsta sinn. Raunar hefur mælt jákvæð þróun á þessu tímabili í fleiri þáttum sem mögulega má skýra með bættri stjórnun á vinnstöðum, meira trausti og breyttum vinnuskilyrðum.

Ef horft er sérstaklega á svör félagsfólks Kjalar stéttarfélags telja 95% þeirra að starf þeirra hafi merkingu og tilgang. Um 97% leiðbeinenda í leikskólum og leikskólaliðar telja starf þeirra hafa mikinn tilgang.

Spurt var í könnuninni um viðhorf til styttingar vinnuvikunnar. 79% svarenda eru mjög ánægð eða frekar ánægð með 36 stunda vinnuviku og 16,2% hvorki ánægð né óánægð.

Könnunin Sveitarfélag ársins verður lögð fyrir nú í apríl en þetta er fimmta árið í röð sem viðhorf starfsfólks sveitarfélaganna er kannað með þessum hætti.

Taktu þátt! Þátttaka þín skiptir máli.

Færð þú starfsmannasamtal?

Í niðurstöðum könnunar um Sveitarfélag ársins árið 2025 kom fram að einungis 57% félagsfólks fór í starfsmanna- eða starfsþróunarsamtal hjá sínum yfirmanni í fyrra. Þetta er umhugsunarvert því rannsóknir sýna að tengsl eru milli starfsánægju og endurgjafar og hvatningar frá yfirmönnum. Því er rétt að hvetja félagsfólk til að nýta sér rétt sinn til að fá starfsmannaviðtöl við yfirmenn.



Fagnar 20 ára starfsafmæli hjá Norðurorku

Anna Klara Hilmarsdóttir segir sumrin annasaman tíma hjá starfsfólki framkvæmdasviðs Norðurorku.

„Ég byrjaði að vinna hjá Norðurorku árið 2006 og var þá í eitt ár í þjónustuveri en fór síðan yfir í núverandi starf. Ég fagna því 20 ára starfsafmæli í ár og það er væntanlega til marks um að þetta er góður vinnustaður,“ segir Anna Klara Hilmarsdóttir sem er í hópi félagsfólks Kjalar hjá Norðurorku. Hún starfar á framkvæmdasviði fyrirtækisins og segir verkefnin fjölbreytt. Auk starfsins á framkvæmdasviði starfaði hún að öryggismálum á árunum 2008-2023 og var í öryggisnefnd til ársins 2016 þegar hún varð verkefnisstjóri öryggismála.

„Ég er fyrst og fremst í skrifstofuverkefnum innandyrna; tölvuúrvinnslu, skráningu upplýsinga í viðhaldskerfi, er mikið í samskiptum við viðskiptavinum, verktaka og ýmsa aðra sem tengjast framkvæmdaverkefnum okkar. Síðan erum við tvö sem leysum verkstjóra af þegar á þarf að halda,“ segir Anna Klara.

Sumrin annasamur tími

„Það er alltaf nóg að gera hjá okkur en vissulega er sumarið okkar annasamasti tími. Framkvæmdir teygja sig líka inn á veturinn þegar tíðarfarið er hagstætt til bæði nýframkvæmda og viðhaldsverkefna. Svo eru það tilfallandi bilanir sem koma upp og þarf að bregðast við, hvernig sem viðrar,“ segir hún en starfs-svæði Norðurorku er víðfeðmt og nær yfir stærstan hluta Eyja-fjarðar ásamt Fnjóskadal og Grýtubakkahreppi.

„Hvort heldur það eru viðgerðir, viðhald eða nýframkvæmdir þá miðum við alltaf við að það sem við gerum endist í einhverja

tugi ára. Við leggjum mikið upp úr að viðhalda kerfum okkar og að skipta út elstu kerfishlutum fyrir nýja,“ segir Anna Klara. Hún segir fólk sýna framkvæmdaverkefnum mikinn skilning og að samskiptin við íbúa séu almennt mjög góð.

„Ef fólk er að fara í framkvæmdir við hús sín, t.d. í gördum þá viljum við gjarnan vita af því svo að hægt sé að nota tækifærið og endurnýja til dæmis heimaugar ef kominn er tími á það.“

Stolt af fræðsluvikunum

Eitt af föstum verkefnum Önnu Klöru hjá Norðurorku síðustu ár hefur verið umsjón með fræðsluvikum fyrir starfsfólk sem alla jafna eru í janúarmánuði.

„Við erum mjög stolt af því að bjóða upp á fræðsludagskrá fyrir starfsfólk tvær vikur í janúar á hverju ári. Þetta eru námskeið sem tengjast t.d. öryggismálum, alls kyns starfstengdum mál-efnum, mannauði, samskiptum og þannig má áfram telja. Bæði nýtum við okkur mikla sérþekkingu sem við búum yfir innan-húss, fáum fræðslu frá okkar eigin fólki en sækjum einnig utan-aðkomandi fyrirlesara,“ segir Anna Klara en allir starfsmenn Norðurorku taka þátt í einhverjum af þessum námskeiðum á hverju ári.

Fræðsluvikurnar hófust árið 2019 og segir Anna Klara almenna ánægju hjá starfsfólki með þetta uppbrot í daglegri starfsemi.



Landsfundargestir í skoðunaferð á Flugsafninu á Akureyri.



Mjög miklar umræður voru um samstarf til framtíðar.



Landsfundargestir teygja úr sér á milli erinda.

Landsfundur bæjarstarfsmanna- félaga á Akureyri

Dagana 19-21. nóvember var landsfundur bæjarstarfsmannafélaga haldinn í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Þátttaka í fundinum var góð og mættu til hans formenn félaga, fulltrúar stjórna og samninganefnda félaganna.

Arna Jakóbína Björnsdóttir formaður Kjalar stéttarfélags flutti setningarárvarp en dagskrá fundarins var þétt. Einnig ávarpaði Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, fundinn og fjallaði hún um starfsemi og þróun innan BSRB

Í hópastarfi fundarins var fjallað var um hagsmunagæslu, þjónustu, stafrænar lausnir og samstarfsvettvang félaganna og BSRB. Þá voru sérstakar umræður um kjaramál, farið yfir reynslu af síðustu kjarasamningum, sameiginlega forgangsöröðun félaganna og skipulag vinnu samninganefnda.

Þórgnýr Dýrfjörð, heimspekingur, hélt erindi fyrir landsfundarmenn um dyggðasiðfræði og siðferðileg viðmið í starfi. Enn fremur kynnti Hrund Hlöðversdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðssjóðsins Heklu, starfsemi sjóðsins og hlutverk hans.

Kjalarfólk á NTR þingi

Fulltrúar Kjalar stéttarfélags tóku í ágúst síðastliðnum þátt í NTR ráðstefnu í Kaupmannahöfn er á þeim vettvangi ræða fulltrúar og starfsfólk stéttarfélaga grunnþjónustu, innviði, menntamál, vinnumarkað og tækni og verkalyðspólítík. Þótti ráðstefnan takast vel og mikinn fróðleik þangað að sækja.

Alls mættu 35 fulltrúar BSRB bæjarstarfsmannafélaga á NTR sem er norrænn samstarfsvettvangur stéttarfélaga starfsfólks sveitarfélaga. Ráðstefnan er haldin annað hvert ár og verður næst í Færeyjum árið 2027.

Stjórn Kjalar nýtti tækifærið og heimsótti systurfélag sitt HK í Kaupmannahöfn.



Í heimsókn hjá HK.



Stjórn Kjalar ásamt framkvæmdastjóra á NTR ráðstefnu (á myndina vantar þrjá stjórnarmenn).

Áttu von á barni?

Kynntu þér fæðingastyrk Kjalar
að upphæð allt að 240.000 kr.

Kynntu þér alla styrkina okkar
á kjolur.is



AÐALFUNDUR

Aðalfundur KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu haldinn þann 26. mars 2026 kl. 16:30 í Hömrum í Hofi á Akureyri.

Fundurinn verður einnig í fjarfundi og þurfa þátttakendur að skrá sig á fundinn á heimasíðu félagsins: www.kjolur.is

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf; skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta ári og afgreiðsla reikninga.

Dagskrá

- » Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
- » Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
 - Félagssjóður
 - Orlofssjóður
- » Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.
- » Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- » Kosnir þrír menn í kjörstjórn og jafn margir til vara.
- » Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
- » Tekin fyrir málefni Fræðslusjóðs Kjalar samkvæmt reglum sjóðsins.
- » Tekin fyrir málefni Vinnudeilusjóðs, samkvæmt reglugerð sjóðsins.
- » Samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs.
- » Önnur mál.

Stjórn Kjalar stéttarfélags

Bakland
Í baráttunni
í 85 ár

 **KJÖLUR**
Stéttarfélag í almannapjónustu